



Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna)

Velferðarnefnd Alþingis

5. maí, 2023

Vísað er til máls nr. 939 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis er varðar frumvarp til breytingar á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (geymsla og nýting fósturvísa og kynfrumna) sem sent var til umsagnar Samtakanna '78 hinn 26. apríl sl. frá Velferðarnefnd Alþingis.

Samtökin '78 fagna framkomnu frumvarpi og áframhaldandi breytingum á l. nr. 55/1996 í samræmi við breytta samfélagsgerð. Sem og að tekið hafi verið tillit til einstaklinga með leg sem ekki eru konur og að notað hafi verið hugtakið leghafar í því samhengi, í samræmi við tillögu Samtakanna '78 í umsögn þeirra með fyrrum frumvarpi, sbr. mál nr. 24/2023, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda hinn 3. febrúar sl.

Samtökin '78 gera athugasemd við þann áskilnað sem fram kemur í frumvarpsdrögum og kveður á um að einstaklingur þurfi að vera einhleypur í kjölfar skilnaðar, sambúðarslita eða andláts annars aðilans samkvæmt 1. og 2. gr. frumvarpsins. Í greinargerð með frumvarpsdrögum (bls. 6 – 7 í hinu birta skjali í samráðsgátt) má finna rökstuðning fyrir framangreindum áskilnaði. Þar kemur fram að barn geti einungis átt tvo foreldra og að staðan án þessa áskilnaðar geti skapað árekstra mismunandi væntinga og hagsmuna og þar með skapað togstreitu og álag fyrir barnið. Verður að telja umfjöllunina um áskilnaðinn á bls. 6 – 7 fremur villandi, einkum í samanburði við breytingar á barnalögum nr. 76/2003 í c. og d. lið 1. tölul. 5. gr. frumvarpsins. Þar kemur skýrt fram hver foreldrastaðan er þegar tveir aðilar taka ákvörðun um tæknifrjóvgun. Með tilliti til framangreinds verður að telja að rök um umræddan áskilnað standist ekki, þar sem skýrt er í c. og d. lið 1. tölul. 5. gr. frumvarpsins um breytingar á barnalögum hver foreldrastaðan yrði við þessar kringumstæður, þ.e. að foreldrar væru þeir sem tóku upprunalegu ákvörðunina um tæknifrjóvgunina. Myndi þriðji aðili þá geta eftir atvikum farið með forsjá barnsins samkvæmt 29. gr. a barnalaga, nr. 76/2003.



Samtökin '78


Félag hinsegin fólks á Íslandi


Samtökin vilja einnig benda á að það sé eðlilegt í nútímasamfélagi að aðilar sem hafa slitið samvistum, hvort sem er með skilnaði eða sambúðarslitum, en eiga fósturvísa eða gjafakynfrumur í geymslu, geti heimilað fyrrum maka að nota kynfrumurnar eða fósturvísana í eigin líkama, með nýjum maka, og að nýji makinn geti verið skráður sem foreldri væntanlegs barns. Getur þetta sérstaklega skipt máli fyrir pör sem samanstanda af tveimur leghöfum þegar annar aðilinn hefur geymt gjafakynfrumur eða fósturvísa sem getnir eru með gjafakynfrumum. Verður þá ekki séð hvaða hagsmunaárekstrar gætu átt sér stað í slíkum tilfellum hvað varðar foreldraskráningu.

Það er tilgangur laga að tryggja og skýra réttindi borgaranna en ekki að vera bákn í vegi þeirra. Þá þarf ný lagasetning að taka mið af breyttri samfélagsgerð og endurspeglar samfélagið eins og það er hverju sinni. Með það að leiðarljósi óska Samtökin '78 eftir því að frumvarpsdrögin verði endurskoðuð með tilliti til framangreindra athugasemda áður en þau verða lögð fram á þingi.

Samtökin '78 lýsa yfir áframhaldandi áhuga að koma að lagasetningarvinnu sem snertir á réttindum hinsegin fólks og hvetja sömuleiðis stjórnvöld til að vera í góðu samráði við viðurkennd hagsmunasamtök í því samhengi.

F.h. Samtakanna '78,


Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður


Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur